

## Eftirfarandi er umsögn um frumvarp til laga um fjárlög 2023

(<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0001.pdf>)

**Sendandi umsagnar:** Sveitarfélagið Flóahreppur

**Dagsetning umsagnar:** 7. október 2022

**Heiti þingmáls:** 1. mál frá nefndarsviði Alþingis

Ef horft er heilt yfir frumvarpið þá er ljóst að fjármagn til byggðamála og þeirra málaflokka sem varða sveitarfélög landsins er dregið mikið saman. Hér fyrir neðan verður gerð grein fyrir athugasemdum um nokkra kafla í frumvarpinu:

### 08 Sveitarfélög og byggðamál

#### 08.10. Framlög til sveitarfélaga

Mikilvægt er að framlög til sveitarfélaga haldist og að jöfnunarsjóður sinni áfram hlutverki sínu í að jafna stöðu sveitarfélaga á landinu. Ánægjulegt að sjá að fjárheimild er aukin til lögbundins framlags í jöfnunarsjóð.

#### 08.20 Byggðamál

Mikilvægt er að horfa til bættra almenningssamgangna og að minni og dreifðari sveitarfélög hafi möguleika á að komast inn í kerfi almenningssamgangna.

Lagabreytingar vegna meðhöndlunar úrgangs og hringrásarhagkerfisins þarf að styðja áfram við. Það er töluverð vinna sem leggst á sveitarfélögin við úrfærslu lagabreytinganna. Einnig þarf að gefa lagabreytingunni aðlögunartíma.

### 09 Almanna- og réttaröryggi

#### 09.10 Löggæsla

Ekki er ásættanlegt að draga úr framlögum til löggæslu. Á Suðurlandi er stórt og víðfemt landsvæði og fámennt lið löggæslu. Mikilvægt að standa vörð um þennan málaflokk og bæta við fjármagni til að auka öryggi íbúa á svæðinu.

### 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

#### 11:10 Samgöngur

Horfa verður á fjölfarnasta svæði landsins sem er í kringum höfuðborgarsvæðið og svo austur eftir þjóðvegi 1 og uppsveitir Suðurlands. Ferðamannastraumurinn liggur um þessa vegi og brýnt að setja fjármagn í viðhald vega, umferðarmerkingar, tvíbreiðar brýr og viðhald á vegum. Vegakerfið á Suðurlandi er í slæmu ástandi og býður uppá hættulegar samgöngur fyrir íbúa og ferðamenn.

Ölfusárbrú verður mikil samgöngubót fyrir svæðið en leysir ekki vanda vegakerfisins á svæðinu sem hefur verið fjársvelt.

Ekki er ásættanlegt að setja á vegatolla sem snerta landsbyggðina mest.

Brýnt er að horfa á stefnu varðandi hjólastíga um allt landið og þá sérstaklega meðfram Suðurströndinni þar sem vegaxlir bjóða ekki upp á öruggan ferðamáta fyrir hjólandi vegfarendur.

*Ánægjulegt er að sjá áttak í uppbyggingu tengivega, þ.e að styrkja og leggja bundið slitlat á umferðarlitla tengivegi. Þetta er brýnt í sveitarfélaginu Flóahreppi þar sem margir tengivegir eru í slæmu ásigkomulagi en umferð nokkuð mikil um alla vegi sveitarfélagsins.*

## 12 Landbúnaður

### 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála

Brýnt er að vel sé stutt við eflingu fæðuöryggis. Landbúnaðarsvæði eins og Flóahreppur og Uppsveitir Árnessýslu eru mikilvæg svæði fyrir þennan þátt.

Verið er að lækka fjárheimild til málaflokksins sem er ekki ásættanlegt í ljósi þess að standa þarf vörð um íslenskan landbúnað og ljóst að mikilvægi hans er augljóst þegar upp koma aðstæður eins og heimsfaraldur eða stríð.

Sérstakt framlag til stuðnings bændum vegna hækkunar áburðarverðs fellur niður sem er mjög slæmt þar sem áburður og öll aðföng hafa hækkað verulega í verði. Jákvætt er að fjárheimild hækkar vegna hækkunar aðfanga en það stoppar ekki í það gat sem munar vegna lækkunar framlags vegna áburðarverðs.

Koma þarf til móts við landbúnaðinn á betri hátt en lýst er í frumvarpinu og standa við þau orð um að auka fæðuöryggi landsmanna.

## 17 Umhverfismál

### 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

Á sama tíma og ýmis framlög í fjárlögum lækka umtalsvert þá eru 200 m.kr. settar í eflingu á landvörslu. Mættu þessi framlög frekar fara t.d til löggæslu?

### 17.30 Meðhöndlun úrgangs

Hækkun í málaflokkunum en ekki víst að það dugi fyrir þeim breytingum sem verið er að innleiða varðandi hringrásarhagkerfi. Skoða þarf vel hvort fjárheimild Úrvinnslusjóðs sé nægjanleg til að mæta þeim endugreiðslum til sveitarfélaga vegna breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs.

### 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála

Gert er ráð fyrir átaki í fráveitumálum sveitarfélaga. Mikilvægt er að verkefni eins og unnið er hjá Uppsveitum og Flóahreppi njóti góðs af þessu átaki þó að þessi sveitarfélög séu komin langt í að efla hreinsun fráveitu og þróunarverkefni í uppgræðslumálum því tengdu.

## 27. Örorka og málefni fatlaðs fólks

### 27.30 málefni fatlaðs fólks

Ljóst er að fjármagn frá ríkinu vegna málefna fatlaðs fólks sem fært var yfir á sveitarfélögin er langt frá því að duga til að sveitarfélögin geti veitt viðunandi þjónustu. Málaflokkur fatlaðra er sá málaflokkur sem er hvað þungstur á sveitarfélögum og sýnir um 10 milljarða gat í rekstri sveitarfélaga það svart á hvítu. Á sama tíma og öll sveitarfélög finna fyrir þunga málaflokksins þá hefur varla eitt sveitarfélag bætt aðstöðu eða þjónustu við fatlaða. Mikilvægt að horft sé á bókun frá Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga frá því í september 2022 í þessu samhengi.

Fjárheimild til málaflokksins hækkar mjög lítið miðað við þá ríku þörf sem ríkir á að leiðrétta framlög ríkisins til sveitarfélaga varðandi þennan málaflokk.

Þetta er eitt af þeim málaflokkum sem er hvað brýnastur að leiðrétta við sveitarfélögin áður en málaflokkurinn er kominn í enn meira óefni. Þessi málaflokkur er stór þáttur í því að mörg sveitarfélög eru komin undir eftirlitsnefnd um fjármál sveitarfélaga.

## 31 Húsnæðis- og skipulagsmál

### 31.10 Húsnæðismál

Í þessum málaflokki er verið að leggja ríkar skyldur á sveitarfélögin í landinu með rammasamningi um húsnæðisáætlun 2023-2032. Á sama tíma og þörfin á húsnæði er mikil og stuðningur við að tekju- og eignalága mikilvægur þá er verið að draga saman í þessum málaflokki. Í rammasamningnum er farið fram á það við sveitarfélögin að þau bjóði upp á byggingahæfar lóðir og fleiri aðgerðir sem lenda á sveitarfélögin. En það er eins með þetta og svo margt annað að framlög eru skert og fjármagn fylgir ekki rammasamningi eins og þarf.

Horfa þarf í að það er einnig aukinn kostnaður við skipulagsmál í sveitarfélögum sem fellur til vegna skiplagningar á íbúðarlóðum og fleira.

Setja þarf meira fjármagn í Skipulagsstofnun þar sem brýnt er að gera þá stofnun stafrænni og að skipulagsmál séu þannig einfaldari, gagnsærri og skilvirkari.

## 32 Lýðheilsa og stjónsýsla velferðarmála

### 32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

Ljóst er að bæta þarf í framlög til geðheilbrigðismála og heilsueflingar aldraðra. Forvarnirnar sem felast í sterkri stefnu í geðheilbrigðismálum eru ótvíræður ávinningur fyrir samfélagið allt.

### 32.20 Jafnréttismál

Mikilvægt að tryggja fjármagn í réttindismál eins og launajafnrétti, réttindi hinsegin fólks og aðgerðir til að sporna við kynferðislegu og kyndbundu ofbeldi og áreitni.

Flóahreppi 7. október 2022  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri